

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Kennarasambands Íslands
vegna Félags grunnskólakennara**

65. fundur samstarfsnefndar Kennarasambands Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna Félags grunnskólakennara var haldinn föstudaginn 17. mars 2017 í Borgartúni 30 og hófst hann kl. 14:00.

Fundinn sátu: Ólafur Loftson og Guðbjörg Ragnarsdóttir frá FG. Af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga, Atli Atlason og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár:

1. Mat á kennsluferli í dreifðu 12 mánaða fæðingarorlofi. - 1703026SA

Málið varðar kennara sem fór í dreift 12 mánaða fæðingarorlof árin 2008 og 2010. Telur kennarinn sig eiga rétt á 2 ára kennsluferil vegna þessara tveggja fæðingarorlofa.

Niðurstaða:

Samkvæmt ákvörðun samstarfsnefndar á 32. fundi 9. janúar 2013 voru aðilar sammála um að þar sem framkvæmdin hefði verið ágreiningslaus varðandi hvornig ber að meta ávinnslu kennsluferils í fæðingarorlofi yrði hún áfram með óbreyttum hætti til þess tíma að sú framkvæmd félli úr gildi við undirskrift næsta kjarasamnings. Með óbreyttum hætti var annarsvegar átt við þá framkvæmd sveitarfélaga þegar fæðingarorlof umfram 6 mánuði var ekki metið til kennsluferils og hinsvegar þegar fæðingarorlof reiknaðist til kennsluferils s.s. þegar kennari í 100% starfi dreifði 6 mánaða fæðingarorlofi á 12 mánuði (50%) og fékk út úr því eins árs kennsluferil, en kennari sem var í 80% starfshlutfalli fékk út úr slíkri lengingu að hámarki 6 mánaða kennsluferil. Framangreint féll síðan úr gildi við gildistöku kjarasamnings þann 1. maí 2014. Frá þeim tíma getur kennsluferill í fæðingarorlofi að hámarki orðið sex mánuðir.

Sveitarfélagið sem um ræðir telur að framkvæmdin hafi verið með þeim hætti í sveitarfélaginu að hverju 12 mánaða orlofi fylgdi einungis 6 mánaða kennsluferill og því eigi kennarinn einungis rétt á 1 árs kennsluferil vegna þessara tveggja fæðingarorlofa. Að mati FG hefur ekki verið sýnt fram á það

að framkvæmdin hafi verið með þessum hætti og áskilur félagið sér rétt til þess að kanna málið frekar.

2. Erindi frá Kópavogsbæ þar sem óskað er eftir því að samstarfsnefnd taki ákvörðun um launaröðun umsjónarmanns námsvers. - 1703027SA

Samkvæmt framkomnum gögnum og viðtölum við fulltrúa sveitarfélagsins, kennara og skólastjóra er ljóst að starfið sem um ræðir er umfangsmeira og nokkuð annars eðlis en almennt gerist hvað varðar störf sérkennara og umsjónarkennara í grunnskólum. Í vetur sækja 10 nemendur þetta úrræði. Í starfi þess sem sinnir deildinni felst m.a. stjórnunarhlutverk, utanumhald, undirbúningur og skipulag fyrir nemendur sem þarfnast sértækra námsúræða og koma nemendur frá öllum skólahverfum Kópavogsbæjar. Næsti yfirmaður starfsmanns er skólastjóri. Samstarfsnefnd er sammála um að úræðið sé á allan hátt sambærilegt þeirri skilgreiningu sem fram kemur á formlegri sérdeild í grein 1.3.3 í kjarasamningi Skólastjórafélags Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga sbr. eftirfarandi:

Skilgreining á formlegri sérdeild:

- Að deildin sé opin nemendum annarra skólahverfa.
- Deild telst ekki formleg sérdeild nema innritaðir nemendur séu að lágmarki 6.
- Formleg umsókn til skólastjóra undirrituð af forráðamanni viðkomandi nemanda um inntöku í sérdeild studdar af sérfræðingi, t.d. sálfræðingi.
- Formlegur inntökufundur þar sem ákvörðun er tekin um innritun einstaklinga í deildina.
- Formlegur skilafundur vegna útskriftar einstaklinga í almennar bekkjardeildir eða annað úrræði.

Niðurstaða:

Samstarfsnefnd er sammála um að vísa málinu til samstarfsnefndar SNS og Skólastjórafélags Íslands þar sem launasetningin ætti að vera samkvæmt starfsheiti deildarstjóra í kjarasamningi Skólastjórafélags Íslands.

3. Er kennara heimilt að sinna gæslu í B- hluta þannig að ekki komi til lengingar á reglubundnum vikulegum vinnutíma sem nemur gæslu með tilheyrandi yfirvinnugreiðslum? - 1703031SA

Óskað er eftir afstöðu samstarfsnefndar til þess hvort heimilt sé í þeim tilvikum sem grunnskólakennari hefur ekki áhuga á að lengja vikulegan vinnutíma sinn vegna vinnu við gæslu að ganga frá samkomulagi um að sá tími sem fer í að sinna gæslu sé færður í B-hluta og þannig komi ekki til lengingar á reglubundnum vikulegum vinnutíma sem nemur gæslu með tilheyrandi yfirvinnugreiðslum.

Niðurstaða:

Meginreglan er sú að gæsla er greidd með yfirvinnu og daglegur vinnutími lengist sem því nemur.

- 4. Ákvörðun sveitarfélags um að taka ekki veikindavottorð gilt vegna veikinda sem tilkynnt voru til vinnuveitanda eftirá. - 1703032SA**

Niðurstaða:

Afgreiðslu frestað.

- 5. Ósk verkefnastjóra um greiðslu yfirvinnu vegna vinnuframlags sem innt var af hendi fyrir 15. ágúst 2016. – 1703033SA**

Upp kom ágreiningur um hvort greiða skyldi yfirvinnu vegna vinnuframlags verkefnastjóra áður en kennarar mættu til starfa síðastliðið haust. Að ósk skólustjóra kom verkefnastjórinn til starfa 8. ágúst, en aðrir kennarar síðar. Ágreiningur er um hvort vinna á umræddum tíma áður en kennarar komu til starfa geti talist til starfspróunar og/eða aukins undirbúnings verkefnastjórans.

Niðurstaða:

Afgreiðslu frestað meðan frekari gagna er aflað.

- 6. Erindi frá Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar um 10 daga frest frá viðmiðum í Vegvísi samstarfsnefndar um skil á lokaskýrslu vegna bókkunar 1. - 1703034SA**

Niðurstaða:

Að teknu tilliti til fjölda grunnskóla í Reykjavík og umfangs verkefnisins er samstarfsnefnd sammála um að verða við ósk Skóla- og frístundasviðs um 10 daga frest til að skila lokaskýrslu og fara skil fram þann 10 maí 2017.

- 7. Bókun 2 í kjarasamningi aðila.**

Hefja þarf vinnu við bókun 2 í kjarasamningi aðila sem hljóðar svo:

Samband íslenskra sveitarfélaga og Félag grunnskólakennara munu í sameiningu óska eftir viðræðum við Mennta- og menningarmálaráðuneyti og Menntamálastofnun um hvernig staðið hefur verið að innleiðingu nýrra verkefna og breytinga í grunnskólum t.d. á námsmati og aðalnámsskrá með það að markmiði að bæta verklag svo grunnskólinn geti tekið við verkefnum frá ríkinu og framkvæmt þau.

Aðilar telja mikilvægt að breytingar sem gerðar eru á starfsumhverfi grunnskóla með stjórnvaldsákvörðunum byggist á faglegum grunni og verði unnar í samráði og sátt við hagsmunaaðila og fjármagn sé tryggt vegna allra breytinga áður en þær eru innleiddar.

Niðurstaða:

Aðilar eru sammála um að hefja undirbúning og samstarfsnefnd mun boða fulltrúa sambandsins og FG til fundar um málið fyrir lok mars. Bjarni og Ólafur hafa frumkvæði í málinu.

8. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:00